

Ofurtækni í Úkraínu. Ríkisvaldið í snjallsíma. Nýja heimsveldið á kopppnum

Við eigum okkur draum, segja þeir, sem sjá fyrir sér alheimsríkið með fámennri úrvalsstjórn eða byltingarstjórn, eins og tíðast enn í samfélögum jafnaðarbyltingarmanna (kommúnista). Kína er þar gott dæmi. Þar er um að ræða „snjallstjórn,“ þ.e. úrvalsstjórnin ákveður réttindi og skyldur fólks. Upplýsingar og eftirlit fer fram í skyldusnjalltækjum, auðkenningarmyndavélum og þess háttar búnaði. Fólki er svo ýmist refsað að umbunað. T.d. ætlaði kunnur andófsmaður kínverskur að skreppa í lestarferð, en var hafnað í miðasölunni. Það vantaði þægðareiningar (social credit).

Aukin heldur geyma snjallsímarnir auðkenni, vegabréf, og alls konar upplýsingar, t.d. um bólusetningar og bankareikninga. Alla vega fá þægir Úkraínnumenn, sem látið hafa bólusetja sig, aur á reikning sinn. En ríkisstjórnin ákveður – eins og sú íslenska gerði með ferðagjöfina góðu – í hvað má eyða fénu. Þrífólusettir fá stærstu glyrnuna. Það skal ósagt látið, hvort eyða megi fénu í franskar kartöflur og kleinuhringi, eins og bólusetningalömbin fá í Nýju Jórvík (NY).

Alheimsefnahagsráðið (World Economic Forum), Kína og Sameinuðu þjóðirnar, arka hönd í hönd götuna fram eftir veg. Eitt af sjálfbærnimarkmiðum SP er einmitt stafrænt auðkenni handa öllum jarðarbúum. Það er t.d. eitt undirmarkmiða, að allir hvítvoðungar fái slík auðkenni í vöggugjöf. Þar verður skráð, hvort þeir hafi fengið „tilhlýðilegar“ bólusetningar samkvæmt reglum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (World Health Organization - WHO). Hún hefur þegar lagt fram tillögu að alheimslögum í þessu efni.

Það kom mér óneitanlega á óvart, að Volodomyr Oleksandrovuch Zelensky (f. 1978) Úkraínuforseta, nemandi Klaus Schwab (f. 1938), forseta Alheimsefnahagsráðsins, hefði tekist – jafnvel þótt með góðri hjálp hefði verið og vestrænni fjármögnun – að skipa sér í annað heimssæti þeirra ríkja, sem eru að taka upp þessa drottunartækni. Tæknin er gjöf frá útlendum velunnurum Úkraínu. En frá henni er skýrt í hjálögðum heimildum.

Eins og lýðum er ljóst er hin nýja veröld, nýja heimsveldið, í burðarliðnum. Kór Klaus Schwab er býsna stór og margir digurbarkar og spámenn í þeim hópi. Við þekkjum yngri herdeildina, ungu og miðaldra leiðtogana, sem hafa verið útskrifaðar úr æskulýðsskóla Alheimsefnahagsráðsins eins og Katrínu Jakobsdóttur (f. 1976), Angela Dorothea Merkel (f. 1954), Emmanuel Jean-Michel Frédéric Macron (f. 1977), Jacind

Arden (f. 1980) og Justin Pierre James Trudeau (f. 1971), svo fáeinir séu nefndir til sögu.

En sama söng hafa sungið þeir eldri eins og George Herbert Walker Bush (1924-2018), Henry Kissinger (f. 1923), James Gordon Brown (f. 1951) og síðast en ekki síst Joseph Robinette Biden (f. 1942).

Eftir valdarán Bandaríkjamanna (með vitorði Nató og Evrópusambandsins) og nasista í Úkraínu árið 2014, skapaðist glundroði, upplausn og lögleysa, kjöraðstæður til að sá fræjum hinnar nýju heimsstjórnar, sem Joseph segir, að Bandaríkin skuli stjórna. Á nefndum grundvelli ætlar hann, fylgimeyjar hans og -sveinar, að endurræsa heiminn - og vanda vel til verka (build back better).

Stafrænutæknivæðingarráðherra Volodymyr er Myhailo Albertovych Fedorov (f. 1991), ungt stafrænutækniundrabarn frá Úkraínu. Alheimsráðið lofar hann í hástert. Það hefur Evrópusambandið einnig gert í þeim gjörningi að viðurkenna skilríki í síma ukránskra. Á heimasíðu ukránskra stjórnvalda er upplýst um 43 erlend ríki, þar sem flóttamenn geta reitt sig á snjallsímana. Þar er meira að segja unnt að skrá sig á vinnanet.

Á alþjóðavísu fleygir tækninni fram samtímis hugmyndum um rafmynt og verndum umhverfisins, en það er enn eitt af sjálfbærnimarkmiðum Sp. Snjallsíminn gæti sem hægast reiknað út, hvort það, sem fólk leggur sér til munns, samræmist reglum um kolefnisjöfnun. Snjallsíminn gæti t.d. neitað glorsoltum borgara um að greiða fyrir gómsætan hamborgara, en benda á gulrót í staðinn. (Þó trúlega ekki, ef um er að ræða blóðborgara Bill Gates.)

Kredittkortafyrirtæki eins og Mastercard, taka þegar þátt í samvinnu við Sameinuðu þjóðirnar um auðkenni, neyslu- og peningastjórn, „leiðbeina“ fólki um æskilega ráðstöfun fjármuna með tilliti til umhverfisverndar til dæmis.

https://childrenshealthdefense.org/defender/ukraine-government-converting-digital-id-system-wartime-tool/?utm_source=salsa&eType=EmailBlastContent&eId=cb2db2c7-ae53-4de4-9fbb-925b0924daca

<https://steigan.no/2022/03/uforenlig-med-vart-onske-om-a-vaere-frie-mennesker-i-et-fritt-demokratisk-samfunn/>

https://brandnewtube.com/watch/the-un-039-s-mastercard-is-actually-the-new-social-credit-system_XDq3xu9rUvzTKhL.html

https://brandnewtube.com/watch/biden-talks-about-fourth-turning-new-world-order_COFQIXp59V1KDsO.html

https://lb.ua/news/2019/09/27/438454_ukraine_prezentovali_brend.html

<https://childrenshealthdefense.org/defender/personal-carbon-allowances-surveillance-capitalism/>

<https://www.nature.com/articles/s41893-021-00756-w>

<https://childrenshealthdefense.org/defender/covid-vaccine-passports-surveillance/>

<https://tripadvisor.mfa.gov.ua/>

<https://sdgs.un.org/goals>

<https://news.yahoo.com/york-expands-covid-19-vaccine-160000289.html>

<https://www.onenewspage.com/video/20220323/14560255/Secrets-of-Biden-apos-New-World-Order.htm>

<https://www.weforum.org/people/mykhailo-fedorov>

<https://unstats.un.org/sdgs/metadata/?Text=&Goal=16&Target=16.9>

<https://strangesounds.org/2022/03/ukraine-silently-implemented-the-wef-s-great-reset-by-setting-up-a-social-credit-application-combining-universal-basic-income-ubi-a-digital-identity-a-vaccine-passport-all-with.html>

<https://reliefweb.int/report/ukraine/new-services-idps-presented-dii-summit-kyiv-enuk>

<https://egap.in.ua/en/projects/diia-digital-state/>

<https://www.wired.com/story/ukraine-digital-ministry-war/>

<https://childrenshealthdefense.org/defender/digital-surveillance-motive-behind-vaccinate-kids/>

<https://www.facebook.com/worldeconomicforum/videos/353404092040895/>